

Egilsstöðum 24.3.2020

Til sveitarstjórna á Austurlandi

Stjórn Búnaðarsambands Austurlands vill með bréfi þessu benda sveitarfélögum á Austurlandi á að víða í sveitum býr fólk sem teljast, aldurs síns vegna, vera í áhættuhópi hvað varðar Covid 19.

Það er mikilvægt að reglulega sé haft samband við þá íbúa sveita sem lítið hafa sig í frammi og alla jafna biðja seint eða ekki um aðstoð.

Við þær aðstæður sem nú eru í samfélaginu er þetta enn nauðsynlegra en ella. Auk veirusýkingar eru nú víða mikil snjóalög og álag á bændur því mun meira en ella. Jafnframt má nefna að áður en mjög langt um líður fara menn að undirbúa sauðburð og því fylgir aukið álag.

Við viljum biðja forsvarsmenn sveitarfélaga að sjá til þess að lítið verði til þess að sinna þörfum þessa íbúa sveitarfélaganna.

Settur hefur verið á laggirnar starfshópur til að vinna að tímabundinni afleysingarþjónustu fyrir bændur vegna COVID-19. Búnaðarsamband Austurlands mun hafa umsjón með því ef til kemur. Einnig ef að Almannaþingarnefndir á Austurlandi fjalla um þetta mál þá viljum við fá að fylgjast með.

F.h. stjórnar BSA

Jóhann Gísli Jóhannsson